

# ERINDISBRÉF SKIPULAGS- OG UMHVERFISRÁÐS.

## Stjórnskipuleg staða.

Skipulags- og umhverfisráð heyrir undir sveitarstjórn skv. skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997. Nefndin fer með verkefni skipulags- og byggingarnefndar skv. 6. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, verkefni brunavarna samkvæmt lögum um brunavarnir nr. 75/2000, verkefni náttúruverndarnefndar skv. 3. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999 og verkefni umferðarnefndar samkvæmt umferðarlögum nr. 50/1987. Enn fremur hefur nefndin eftirlit og umsjón með gerð umhverfisáætlunar fyrir sveitarfélagið (Staðardagskrá 21) og gerir tillögur til sveitarstjórnar um fegrun umhverfis og uppbyggingu ferðamannaþjónustu á vegum sveitarfélagsins. Nefndin gerir jafnframt tillögur til sveitarstjórnar um gerð gatna og holræsa, umhverfismál, hreinlætismál og málefni veitna.

Forstöðumaður tæknideildar og byggingarfulltrúi starfa með ráðinu.

## Skipan ráðsins.

Í skipulags- og umhverfisráði eiga sæti fimm fulltrúar, sem sveitarstjórn kýs til fjögurra ára, að afloknum sveitarstjórnarkosningum skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga og samþykktum um stjórn og fundarsköp Húnaþings vestra. Á sama hátt eru kjörnir fimm fulltrúar til vara. Auk kjörinna fulltrúa sveitarstjórnar eiga forstöðumaður tæknideildar, byggingarfulltrúi og sveitarstjóri eða staðgengill hans rétt á að sitja fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt. Sama rétt hefur slökkviliðsstjóri þegar fjallað er um málefni sem varða brunamál og brunavarnir.

Nefndin kýs formann, varaformann og ritara nefndarinnar á fyrsta fundi sínum sé ekki annað ákveðið í lögum eða af sveitarstjórn.

## Hlutverk.

Hlutverk ráðsins er:

- að vera sveitarstjórn til ráðgjafar um gerð og endurskoðun skipulagsáætlana.
- að vera sveitarstjórn til ráðgjafar í byggingareftirlitsmálum og sinna lögbundnu byggingareftirliti.
- að hafa umsjón og eftirlit með gerð umhverfisáætlana fyrir sveitarfélagið.
- að sjá um samskipti við heilbrigðisfulltrúa og heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra.
- að gera tillögur til sveitarstjórnar um markmið í málaflokkum sem undir nefndina heyra.
- að hafa eftirlit með því að samþykkt markmið sveitarstjórnar í þeim málaflokkum nái fram að ganga.
- að gera tillögur um úrbætur í þeirri starfsemi sem undir hana heyrir.
- að taka til umfjöllunar og afgreiðslu tillögur forstöðumanna til gerðar fjárhagsáætlunar um þá málaflokka er falla undir verksvið ráðsins. Ráðið hefur jafnframt eftirlit með því

## Starfshættir.

Um starfshætti nefnda er sérstaklega getið í IV. kafla samþykktar um stjórn og fundarsköp Húnaþings vestra og skal þeim fylgt eftir þar sem við á.

Skipulags- og umhverfisráð kemur saman fyrir luktum dyrum á fastákveðnum fundartíma að minnsta kosti einu sinni í mánuði. Skal ráðið gera samþykkt um þennan fundartíma á fyrsta fundi sínum að höfðu samráði við sveitarstjóra. Ráðið skal halda gerðarbók. Kjörinn eða ráðinn ritari færir fundargerð í gerðarbókina. Í gerðarbók skal skrá hvar og hvenær fundur er

haldinn, hverjir sitja hann og hvenær honum lýkur. Skrá skal einstök mál, sem tekin eru fyrir á fundinum, hvenær þau komu til, nöfn hlutadeigandi, meginefni og afgreiðslu ráðsins. Í lok fundar skal ritari lesa fundargerðina upp og allir viðstaddir undirrita hana. Skipulags- og umhverfisráð getur ákveðið að fundargerðir verði skráðar í tölvu, og skal það þá gert í samræmi við 31. gr. í samþykktum um stjórn og fundarsköp Húnaþings vestra. Fundargerðum kemur formaður ráðsins strax að fundi loknum til sveitarstjóra sem hefur umsjón með ritvinnslu hennar og leggur hana fram með dagskrá næsta sveitarstjórnarfundar. Sveitarstjóri sendir fundarmönnum afrit af fundargerð ráðsins ásamt afgreiðslu sveitarstjórnar. Forstöðumaður tæknideildar í umboði byggingafulltrúa sér um að boða ráðið til fundar í samráði við formann ráðsins. Fundarboðun skal vera skrifleg og tilgreina fundarstað, dagskrá og tíma. Fundarboð skal sent nefndarmönnum og öðrum sem seturétt hafa á fundum eigi síðar en tveimur sólahringum fyrir fund. Formaður skipulags- og umhverfisráðs stýrir fundum ráðsins skv. ákvæðum IV. kafla samþykktar um stjórn og fundarsköp Húnaþings vestra. Fundur telst ályktunarhæfur ef meirihluti ráðsins er mættur á fundi. Í atkvæðagreiðslum ræður afl atkvæða. Mál telst fallið í atkvæðagreiðslu ef atkvæði falla að jöfnu með og móti.

### **Eftirfylgni.**

Formaður skipulags- og umhverfisráðs og aðrir nefndarmenn skulu snúa sér til sveitarstjóra með eftirfylgni staðfesta samþykka ráðsins.

### **Réttindi og skyldur nefndarmanna.**

Um réttindi og skyldur nefndarmanna gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn og fundarsköp Húnaþings vestra, eftir atvikum.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Skal hann boða varamann sinn og láta formann ráðsins vita um forföll með góðum fyrirvara.

Hver nefndarmaður á rétt á að koma máli á dagskrá fundar, enda skilar hann efni þess til Forstöðumanns tæknideildar a.m.k. þremur sólahringum fyrir fund.

Fulltrúar skulu hafa hag sveitarfélagsins að leiðarljósi við störf sín en eru ekki bundnir af öðru en sannfæringu sinni, lögum og samþykktum um stjórn og fundarsköp Húnaþings vestra í atkvæðagreiðslu um málefni í skipulags- og umhverfisráði.

Fundarmenn eru bundnir þagnarskyldu vegna mála, sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu fyrir nefndina og ætla má að leynt eigi að fara skv. eðli máls, lögum eða samþykktum 2/3 nefndarmanna, hvort sem þau varða einka- eða almannahagsmuni.

Nefndarmaður skal víkja af fundi við umræður og afgreiðslu mála sem varða hann sjálfan, skyldmenni hans eða nánustu venslamenn svo mjög að ætla má að það móti viljaafstöðu hans að einhverju leyti. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni áður en hann víkur af fundi.

### **Starfsmannamál.**

Skipulags- og umhverfisráð skal veita sveitarstjórn umsögn vegna ráðningar forstöðumanns tæknideildar og byggingarfulltrúa auk forstöðumanna stofnana sem heyra undir verksvið ráðsins. Ákvörðun um ráðningu tekur sveitarstjórn.

### **Lög og reglugerðir.**

Í störfum sínum skal ráðið taka mið af þeim lögum og reglugerðum, sem undir starfsvið þess heyrir. Þá skal ráðið fylgja samþykkt um stjórn og fundarsköp Húnaþings vestra eins og hún er hverju sinni.

Staðfest af sveitarstjórn Húnaþings vestra 18. janúar 2007

